

Það gera þetta allir!

Ofmat nemenda í 10. bekk grunnskóla á tíðni daglegra reykinga meðal jafnaldra


Jón Óskar Guðlaugsson, Margrét Valdimarsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Sveinbjörn Kristjánsson og Héðinn S. Björnsson

Inngangur


Á undanföllum árum hefur náðst góður árangur við að draga úr reykingum ungs fólks á Íslandi. Tíðni daglegra reykinga meðal nemenda í 10. bekk grunnskóla hefur frá árinu 1995 lækkað úr 21% í 11% árið 2007 (sjá mynd 1).

Fjöldi rannsókna benda til þess að flest reykingsfólk byrji að reykja á unglingsárunum [1] og því yngra sem fólk er þegar það byrjar að reykja því erfiðara er að hætta því seinna. Enn fremur hafa komið fram sterkar vísbendingar um að heilsutjón af völdum reykinga á fullorðinsárum aukist eftir því sem einstaklingar byrja fyrr að reykja [1].

Þrátt fyrir að dregið hafi úr reykingum er enn afar mikilvægt að skoða sérstaklega þá þætti sem tengjast því hvort unglingar byrji að reykja eða ekki. Nýlegar erlendar rannsóknir [2] hafa sýnt að einn þessara þátta er ofmat unglinga á reykingum annarra. Hér er skoðað hvort það sama eigi við um íslenska unglinga.



Mynd 3. Mat nemenda í 10. bekk, sem reykja ekki, á tíðni daglegra reykinga meðal jafnaldra



Mynd 4. Mat nemenda í 10. bekk, sem reykja daglega, á tíðni daglegra reykinga meðal jafnaldra

Niðurstöður

Þegar úrtakið er skoðað í heild kemur í ljós að um 70% ungmenna ofmeta hlutfall jafnaldra sem reykja daglega (sjá mynd 2). Þegar skoðaðar eru sérstaklega niðurstöður fyrir þá sem reykja daglega og þá sem ekki reykja er athyglisvert að sjá að tveir þriðju (67%) þeirra sem ekki reykja ofmeta hlutfall daglegra reykinga meðal jafnaldra (sjá mynd 3). Af þeim sem reykja daglega ofmeta hins vegar níu af hverjum tíu (90%) hlutfallið (sjá mynd 4).


Nemendur í 10. bekk grunnskóla telja að meðaltali að 32% jafnaldra sinna reyki daglega (sjá mynd 1). Að meðaltali telja þeir sem reykja ekki að um 30% jafnaldra sinna reyki daglega. Þeir sem reykja daglega telja hlutfallið hinsvegar vera að meðaltali 47%.

Umræða


Rannsóknir hafa sýnt að því meira sem unglingar ofmeta tíðni reykinga þeim mun líklegri eru þeir til að reykja sjálfir. Því er mikilvægt að ungt fólk sé upplýst um raunverulega útbreiðslu reykinga, að reykningar séu ekki eitthvað sem „allir gera“. Hér ber þó að hafa í huga að það er ekki víst að ofmat á reykingum jafnaldra ýti undir reykningar unglinga. Ef til vill eru unglingar sem þegar reykja líklegri til að yfirfæra sína eigin reynslu á aðra unglinga. Þar af leiðandi telja þeir frekar að aðrir unglingar reyki.

Heimildir

[1] Sjá í Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndis Björk Ásgeirsdóttir, Jón Sigfússon. (2003). *Vinnufarneysla íslenskra unglinga 2003*. Reykjavík. Rannsóknir og greining.
[2] BA Primack, GE Switzer og MA Dalton. (2007) Improving Measurement of Normative Beliefs Involving Smoking Among Adolescents. *Arch Pediatr Adolesc Med.*, 161(5): 434-439.



Mynd 1. Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskóla sem reykja daglega



Mynd 2. Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskóla sem ofmeta tíðni daglegra reykinga meðal jafnaldra sinna, út frá reykningavenjum

Gögn

Rannsóknin byggir á gögnum úr spurningalistakönnun (ESPAD) sem lögð var fyrir nemendur í 10. bekk vorið 2007. Heildarfjöldi þátttakenda var 3.678 (81,8% svarhlutfall). Könnuninni var stýrt frá Háskólanum á Akureyri og unnin í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Nemendur í 10. bekk grunnskóla telja að meðaltali að 32% jafnaldra sinna reyki daglega (sjá mynd 1). Þeir sem reykja ekki telja að meðaltali að um 30% jafnaldra sinna reyki daglega. Þeir sem reykja daglega telja hlutfallið hinsvegar vera að meðaltali 47%.